

# Fundur Framkvæmdaráðs 11. júní 2018, kl. 18:00

Mætt meðlimir framkvæmdarráðs: Ásmundur Alma, Jón Gunnar Borgþórsson, Eldbjörg Arnardóttir, Sindri Viborg, Valgeir Helgi, Andri Þór

Gestir: Snæbjörn Brynjarsson, Erla Hlynsdóttir

Fundarstjóri: Helena Stefánsdóttir

Fundur settur: 18:19

## FUNDARGERÐ:

Setning fundarstjóra og ritara  
Yfirferð og samþykkt síðustu fundargerðar  
Dagskrárbreytingar

## Tillaga um handahófs valdar málanefndir - Snæbjörn

Snæbjörn Brynjarsson leggur fram tillögu sína:

*Málefnaþópar*

*Lagt er til að framkvæmdaráð skipi fimm manna málefnaþópar með einum starfsmanni innanborðs. Nefndin muni notast við slembival til að stofna sjö manna málefnaþópa sem yfirfari stefnu Pírata og komi með tillögum til úrbóta á þeim sviðum. Málefnaþóparnir verði skipaðir í eins jöfnum kynjahlutföllum og dreifðum aldurshlutföllum og hægt er upp úr félagaskrá. Verkefni þópanna verði að lesa yfir núverandi stefnur og leggja til hvaða stefnur verði endurskrifaðar og bætt í. Þóparnir skili vinnu sinni af sér 28. október, en þá verða haldnir félagsfundir þar sem tillögur þópanna verða ræddar og settar í kosningu. Lagt er til að málefnaþópar verði stofnaðir í: Velferðar og heilbrigðismálum. Húsnæðismálum. Menntamálum. Stjórnsýslu, stjórnskrá og löggæslumálum. Umhverfis og samgöngumálum. Á meðan málefnaþópar starfa verður öðrum Pírötum að sjálfsögðu frjálst að stofna sína eigin þópa og leggja inn nýjar stefnur. Markmið þessarar tillögu er að virkja skráða Pírata sem hafa aldrei komið inn í flokksstarfið, og fá betri sýn yfir hvernig þeir Píratar vilji sjá hreyfinguna þróast.*

Nauðsynlegt til að virkja fleiri í félagsstarfið. Óframfærnari einstaklingar þurfa kannski smá hvatningu til þátttöku. Aðrir flokkar hafa notast við þessa aðferð. Gerir ráð fyrir að þetta sé vinna en gæti bætt allt að 30 manns til viðbótar í starfið. Nefnt er hvort hægt sé að nota félagatalið á þennan hátt. Hugsanleg hindrun þar vegna tregðu Pírata að nota félagatalið. Punktur um að slembivalið sé hálfgert lottó. Tal um að fjölga fólki í þessa nefndir, senda tölvupóst og bjóða einnig í þessar nefndir.

Erla talar um að hún hafi ekki rétt til að sjá númer hvað fólk er í félagatalinu. Hugsanlega þarf "superadmin".

Varasamt að númer fólks í félagatali fari í umferð. Gæti sagt til um hversu lengi fólk hefur verið skráð í Pírata.

Jón Gunnar talar um að fyrir séu einhverjir þópar sem megi ekki gleymast með þessari leið. Varast að særa þá sem finnst þeir hafa unnið í þessu og vilja ekki láta fara framhjá sér.

Ási nefnir að hægt væri að "adda feature" í félagatalið sem jafnvel myndi sækja fólk eftir kyni. Gætum haft karla og konur.

**Tillaga:** Snæbjörn Brynjarsson finni sér 3-4 féлага til að skipa með sér starfshóp. Verkefni hans er að skipuleggja vinnuna við tillöguna, finna hnökra á framkvæmdinni og koma með tillögum til úrbóta til að verkefnið gæti hafist. Starfshópurinn skilar svo skýrslu eftir mánuð til framkvæmdarráðs.

Atkvæðagreiðsla: Samþykkt

**Tillaga:** Snæbjörn fái formlengt umboð til að halda úti Twitter síðu flokksins fram að næsta aðalfundi.

Atkvæðagreiðsla: Samþykkt

**Bókun:** Ásmundur, Snæbjörn og Róbert Douglas setjist niður og móti heildræna samfélagsmiðlastefnu til framtíðar sem verður lögð fyrir framkvæmdarráð til samþykktar.

### **Mannauðs-/starfsmannamál frá júnílokum - Jón Gunnar**

Rætt hvort heimila ætti framkvæmdarstjóra að ráða aðstoðarmann eins og áður hefur verið rætt. Ritari kom fram sjónarmiðum gjaldkera sem er fjarstaddur. Halli á rekstrarárinu aukin ef farið er í að ráða aðstoðarmann fyrir framkvæmdarstjóra. Erfitt að sjá skuldbindingar flokksins því framkvæmdarstjóri og framkvæmdarráð hafa bæði heimildir til þess.

Talað hefur verið um að við ætluðum að fjárfesta í rekstrarinnviði flokksins og þetta væri liður í því.

Minnt er á að framkvæmdarstjóri hafi ákveðna verklýsingu. Meðal annars að vinna í fjáröflun fyrir flokkinn. Með fleiri hendur á dekki eru starf framkvæmdarstjórans auðveldara. Eftir á að fara í umræðuna um aðildarfélög sem eru að fá peninga inn og gætu greitt fyrir þjónustu starfsmanna. Allt er þetta enn á umræðustigi. Gera má ráð fyrir plús í lok árs, við erum að sveiflujafna, ekki að skuldsetja okkar segir Sindri. Sjónarmið frá Erlu að þetta sé ekki starf sem hægt er að vera í einn á báti. Snýst mikið um samskipti, lægja öldur og erfið mál. Mikið fjall að klífa fyrir eina manneskju. Fyrrum framkvæmdastjóri var ein starfandi.

Erum að velja á milli fallegra bókhalds eða almennilegra innviða.

Sjónarmiðið að fá alla meðlimi framkvæmdaráðs til að annaðhvort kjósa um svona stórt mál eða fá allavega afstöðu þeirra.

Spurning um starfshlutfall, því aðeins velt upp. Eldri meðlimir framkvæmdarráðs muna þá tíð þegar framkvæmdarstjórinn var einn og það var erfitt og ekki hægt að halda dampi.

**Tillaga:** framkvæmdarráð gefi framkvæmdarstjóra heimild til að ráða sér aðstoðarmann en jafnframt sé henni uppálagt að leita allra leiða til að halda útgjöldum í lágmarki og afla sem mestra tekna fyrir Pírata til að skila sem bestri rekstraniðurstöðu í lok árs.

Atkvæðagreiðsla: Samþykkt með 5 atkvæðum. Einn kaus gegn.

**Bókun:** Gjaldkeri framkvæmdarráðs er er fjarverandi en bókað er sú skoðun hans að hann var ósamþykkur tillögunni.

### **Pírataskólinn, stutt greinargerð - Jón Gunnar**

Aðeins er búið að halda fund varðandi efni slíks skóla sem gerði ráð fyrir ákveðnum dagsetningnum og fjórum nýliðafundum. Hafin er vinnan við skipulagningu skólans og starfsemi hans.

### **Fjarfundarbúnaðurinn - Hvar er hann og getum við notað hann**

Hann er fundinn. Stefnt er að því að framkvæmdarráð fái kennslu á búnaðinn sem fyrst.

### **Framfarafundur. Skipulag og dagsetning**

23. júní vann netkosningu framkvæmdarráðs. 9:30 er tímasetningin sem miðað verður við. Starfsmönnum flokksins verður falið að skipuleggja fundinn en formaður verður ábyrgðaraðili.

## **Trúnaðarmál**

### **Trúnaðarbók - Andri Þór**

Rædd var tillaga um að færa trúnaðarbók framkvæmdarráðs af netinu. Framkvæmdarráð ætlar sér að hugsa málið í vikunni og taka málið betur fyrir á næsta fundi. Ritari ætlar að ræða við fróða Pírata um bókina varðandi persónuupplýsingar og öryggi.

*Fundi slitið: 19:53*